

Háskólinn í Reykjavík
Berist til: Ragnhildar Helgadóttur rektors
Menntavegi 1
102 Reykjavík


Reykjavík, 28. maí 2026

Efni: Ítrekun á erindi og krafa um svör

Vísast til fyrra erindis Félags atvinnurekenda (FA) til Háskólans í Reykjavík (HR), dags. 26. janúar 2026, þar sem óskað var upplýsinga um viðbrögð skólans við tilmælum menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytisins (MNH) sem ráðuneytið staðfesti með erindi dags. 23. janúar 2026 að hefðu verið send háskólanum og leiðbeiningum Samkeppniseftirlitsins frá 28. nóvember 2025 um fjárhagslegan aðskilnað á milli ríkisstyrkts háskólastarfs og samkeppnisreksturs.

Þar sem engin svör eða viðbrögð hafa borist við hinu fyrra bréfi er erindi þetta hér með ítrekað formlega. Þess er krafist að HR bregðist við hinu fyrra erindi og veiti skrifleg svör við þeim spurningum sem þar voru reifaðar. Komi engin svör eða viðhlítandi skýringar mun FA neyðast til að vísa málinu til menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytisins sem eftirlitsaðila með þjónustusamningi skólans, auk þess sem til greina kemur að óska eftir því að Samkeppniseftirlitið rannsaki málið á grundvelli reglna um ríkisaðstoð og samkeppnislegar hindranir.

Virðingarfyllst,


Ásdís Eir Guðmundsdóttir
Lögfræðingur FA